

Fornleifakönnun.

Sorpbrennsla á Patreksfirði

Orrí Vésteinsson

**Fornleifastofnun Íslands
FS115-00021
Reykjavík 2000**



© *Fornleifastofnun Íslands 2000*

Efni:

1. INNGANGUR.....	4
2. UM MAT A UMHVERFISAHRIFUM FRAMKVÆMDA A FORNMINJAR.....	6
3. FYRRI ATHUGANIR OG STAÐLÆTTIR	7
4. FORNLEIFAR A FYRIRHUGUÐU FRAMKVÆMDASVÆÐI.....	8
5. NIÐURSTÖÐUR.....	9
6.HEIMILDIR.....	9

Viðauki 1: Fornleifaskrá Vatneyrar

Viðauki 2: Kort af menningarminjum á Vatneyri

1. kafli. Inngangur

Fyrirhugað er að breyta fyrirkomulagi sorpeyðingar í Vesturbyggð. Komið verður upp endurvinnslustöð á Patreksfirði og nýr urðunarstaður gerður fyrir utan þorpið. Fyrirhugað er að endurvinnslustöðin verði í Straumneshúsinu yst á Vatneyri. Sveitarfélagið hefur enn ekki fest kaup á húsinu og náist ekki samningar um kaupin mun verða byggt nýtt stálgrindahús yfir starfsemina á auðri lóð vestan við Straumneshúsið. Gert er ráð fyrir gámaplani við endurvinnslustöðina þar sem almenningur getur skilið eftir og flokkað sorp.

Sem urðunarstaður hefur verið valin brotajárnsgrýfja utan við Vatneyri og er svæðið utan skipulags. Grýfjan er beint neðan við gamla urðunarsvæðið og brennsluþróna í mynni Fjósadals um 100 m austan við Fjósadalsá. Gert er ráð fyrir að brotajárnið verði fjarlæggt og grýfjan nýtt eins og hún er. Hún verður því ekki stækkuð eða dýpkuð og er gert ráð fyrir að græða upp urðunarsvæðið sjálf í áföngum með jarðvegsbæti frá jarðgerðinni. Aðkoma að urðunarstaðnum er eftir malarvegum sem þegar eru til staðar.

Eins og sést af þessari lýsingu er ekki gert ráð fyrir neinu jarðraski í sambandi við endurskipulagningu sorpeyðingarmála í Vesturbyggð, nema ef svo færi að reisa þyrfti nýtt hús vestan við Straumneshúsið. Engu að síður þótti ástæða til að kanna áhrif framkvæmdanna á fornleifar á svæðinu. Í apríl 2000 fór Íslensk Umhverfistækni ehf. í Keflavík, sem sér um hönnun framkvæmdanna, þess á leit við Fornleifastofnun Íslands að hún kannaði menningarminjar á svæðinu. Í þessari skýrslu er greint frá árangri athugunar á fyrrgreindu svæði. Markmið athugunarinnar var að kanna ritaðar heimildir um fornleifar á svæðinu, leita minja á vettvangi og leggja mat á áhrif fyrirhugaðra framkvæmda. Við undirbúning rannsóknarinnar voru kort og ritheimildir um menningarminjar á svæðinu athugaðar, loftmyndir skoðaðar og rætt við staðkunnuga á svæðinu.

Gengið var um þau svæði þar sem vitað var um minjar, svæði þar sem gróðurfar og aðrar vísbendingar gefa líkur til að ætla að fornminjar geti verið og þar að auki þau svæði sem líklegast þykir að framkvæmdir verði á. Á grundvelli þessa var tekin saman skrá yfir fornleifar á svæðinu og hún skoðuð í ljósi fyrirhugaðra framkvæmda. Í skýrslunni er fylgt hefðbundinni framsetningu FSÍ á nauðsynlegum gögnum við umhverfismat,¹ og greint frá

¹ Sbr. Adolf Friðriksson, Skýrsla um menningarminjar við fyrirhugað vegarstæði Snæfellsnessvegur um Mávahlíðarrif, Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík, 1997; - Sami: Skýrsla um menningarminjar við fyrirhugað vegarstæði Ólafsvíkurvegar og Útnessvegur sunnan Fróðárheiðar, Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík, 1997. Eftirfarandi kafli um umhverfismat vegna fornleifagæslu er að mestu samhljóða samnefndum köflum í fyrri skýrslum.

lögbundnum forsendum fornleifakönnunarinnar, takmörk rannsóknarsvæðis skilgreind, greint frá fyrri fornleifaathugunum á svæðinu, vettvangsrannsóknum lýst, og lagt mat á áhrif framkvæmda.

Vettvangsvinna var gerð 3. maí 2000 af Orra Vésteinssyni sem einnig sá um frágang skýrslu.

2. kafli. *Um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda á menningarminjar*

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 17. grein þjóðminjalaga (nr. 88/1989, sbr. lög nr. 43/1991 og breyting á lögum samþykkt 7/5 1994), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: "Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja ..." Auk þjóðminjalaga ná lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 63/1993 einnig yfir verndun menningarminja, enda markmið laganna að tryggja að mat á umhverfisáhrifum verði fastur liður í undirbúningi að framkvæmdum. Í 5. gr. ofangreindra laga eru sérstaklega tilgreindar framkvæmdir sem háðar eru umhverfismati, og er vegagerð þar á meðal. Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölpætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
 - b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
 - c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
 - d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
 - e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
 - f. gamlir þingstaðir, meintir hörðgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
 - g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
 - h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
 - i. skipsflök eða hlutar úr þeim.
- Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum,

hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu hefur verið fylgt við framkvæmd umhverfismats, líkt og gert er við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef mannvistarleifar sem falla undir ofangreinda skilgreiningu finnast á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, þá þarf að leita heimildar til að hreyfa við þeim. Í 21. gr. Þjóðminjalaga segir m.a. : “Nú telur... sá sem stjórnar opinberum framkvæmdum, svo sem vegagerð, að hann þurfi að gera jarðrask er haggar við fornleifum og skal hann þá skýra Þjóðminjasafni Íslands frá því áður en hafist er handa um verkið. Lýst skal nákvæmlega breytingum þeim er af framkvæmd mundi leiða. Þjóðminjasafn ákveður hvort og hvenær framkvæmd megi hefja og með hvaða skilmálum”.

3. kafli. *Fyrri athuganir og staðhættir*

Fyrri athuganir. Engar fornleifarannsóknir eða athuganir hafa verið gerðar á Patreksfirði. Árið 1996 lét Vesturbyggð gera svokallaða svæðisskráningu fornleifa fyrir sveitarfélagið og voru þá skráðar upplýsingar um 19 staði í landi Vatneyrar.² Langflestir minjastaðir í landi Vatneyrar eru inna gamla túnsins og verslunarlóðarinnar á austanverðri eyrinni. Heimildir eru frá ýmsum tímum og hefur enn ekki fengist botn í það hvar hvaða hús stóð nákvæmlega og mögulegt að sumar byggingar séu skráðar tvisvar og aðrar vanti alveg (sjá Viðauka). Fyrir utan minjar á Vatneyri er helsta minjasvæði jarðarinnar í Hlíðardal en þar eru bæði verminjar og leifar beitarhúsa.

Staðhættir. Framkvæmdasvæðið er allt í hinu forna landi Vatneyrar sem er gamalt afbýli frá Geirseyri, byggt á 16. eða 17. öld. Þar var kominn fastur verslunarstaður með timburbyggingum á seinni hluta 18. aldar.

Fyrirhuguð endurvinnslustöð er yst á Vatneyrinni sjálfri en hún er breið og slétt malareyri sem hefur verið gróin að mestum hluta áður en kaupstaðurinn byggðist upp á henni á 20. öld. Tún Vatneyrabænda og kaupstaðarlóðin var austanmegin á eyrinni en miðhluti hennar var snögggróinn mói og berir melar yst. Jarðvegur er mjög grunnur á eyrinni og sést víða að grasrótin er beint ofan á mölinni. Norðurgafli Straumneshússins er þar sem móinn endaði og mölin tók við samkvæmt korti frá

² Orri Vésteinsson & Sædís Gunnarsdóttir: *Menningarminjar í Vesturbyggð. Svæðisskráning*.

1896. Húsið sjálft er því byggt á gróðurlausri mól og lóðin vestan við það hefur sennilega aldrei verið gróin heldur. Þar hafa ekki staðið byggingar en talsvert rask hefur þó verið þar á 20. öld.

Fyrirhugaður urðunarstaður er allstór gryfja sem grafin hefur verið ofan í skriðutaum neðan við mynni Fjósadals. Efnið í skriðunni er gróft þar sem gryfjan er og er snögggróið vestan við hana en austan við eru sléttar vallendisgrundir. Gamall farvegur sést ofan við gryfjuna og gæti Fjósadalsá eða læna úr henni hafa legið þar um áðurfyrr.

4. kafli. *Fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði*

Ekki er vitað um neinar fornleifar á fyrirhuguðum framkvæmdasvæðum.

Ekki er vitað til þess að neinar byggingar hafi staðið þar sem Straumneshúsið er áður en það var byggt, né heldur á lóðinni vestan við það. Helst mætti geta þess til að svæðið hafi verið notað til fiskþurrkunar. Hafi einhver mannvirki verið á þessu svæði þá eru þau nú horfin og verður að telja afar ólíklegt að mannvistarleifar leynist þar í jörðu.

Sá minjastaður sem næst er fyrirhugaðri endurvinnslustöð er **pakkhús** sem enn hangir uppi. Elsti hluti þess var byggður fyrir aldamótin 1900 og er sýndur á korti af Vatneyri frá 1896 (sjá Viðbæti, BA-158:023). Húsið er í niðurníðslu en Húsafriðunarnefnd hefur mælt með því að það verði varðveitt. Sjálf verslunarlóðin og gamla bæjarstæðið á Vatneyri var um 80 m norðar en þetta pakkhús, langt fyrir utan fyrirhugað framkvæmdasvæði.

Ekki er heldur vitað um neinar fornleifar þar sem brotajárnsgrýfjan er. Svæðið verður að teljast ólíklegt byggingarstæði þar sem það er á grófum skriðutaumi og gamlir vatnsfarvegir liggja um það – og enginn skortur á góðum hússtæðum í grendinni.

Eftirtaldir minjastaðir eru í nágrenni gryfjunnar (sjá nánar um hvern í Viðbæti).

Ofan við gryfjuna sést greinileg **gata** (BA-158:022) þar sem grjóti hefur verið rutt úr

leið. Gata þessi er breiðari en venjulegur kindastígur og er sennilega gömul leið frá Geirseyri til verstöðvar og beitarhúsa í Hlíðardal.

Örnefnið **Fjósadalur** (BA-158:020) bendir til að fjós, sennilega geldneytafjós, hafi verið á þessu svæði. Ekki er nú vitað um neinar byggingaleifar sem þessu gætu tengst en líklegast byggingarstæði verður að telja þar sem nú standa hesthús vestan við Fjósadalsá. Einnig er mögulegt að fjós gætu hfa staðið á grundunum austan við gryfjuna en þar sjást engin merki um slíkt.

Samkvæmt örnefnaskrá voru svokölluð **Frönskuleiði** í Vatnskrók (BA-158:021) utan við Vatneyri en innan við Fjósadalsá. Engar frekari upplýsingar hefur tekist að finna um þessi leiði eða staðsetningu þeirra en líklegast verður að telja að þau hafi verið ofan við fjörumál, langt neðan við gryfjuna.

5. kafli. *Niðurstöður*

Engar fornleifar eru á fyrirhuguðum framkvæmdasvæðum. Þar sem ekkert jarðrask er fyrirhugað verður ekki séð að nálægum fornleifum stafi hætta af framkvæmdunum, né að hugsanlegar óþekktar fornleifar geti verið í hættu.

Ekki er því þörf á mótvægisáðgerðum.

6. kafli. *Heimildir*

Bstbók: *Barðstrendingabók*, Reykjavík 1942.

‘Frakkar á Vatneyri fyrir 100 árum.’ *Árbók Barðastrandarsýslu 1955-1956* VIII. (1957), 10-12.

JÁM: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* 1-11, Kh. 1913-43; 12-13, Rv. 1990.

JJ: J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*, Kaupmannahöfn 1847.

Markús Ö. Thoroddsen: ‘Eyrar, Patreksfirði 1863. Frásögn Guðmundar Sigurðssonar fyrrverandi hreppstjóra.’ *Árbók Barðastrandarsýslu X. 1959-1967*, (1974), 7-8.

SSV: *Sóknarlýsingar Vestfjarða I-II*, Reykjavík 1952.

Viðbætur: *Fornleifaskrá Vatneyrar*

Hér að neðan er birt skrá um þekktar fornleifar á Vatneyri. Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti og hver jörð hefur númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún er í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Þá er hverjum minjastað gefin kennitala sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: BA-158:019). Í skránni eru allir þeir fornleifastaðir sem vitað er um á framkvæmdasvæðinu og falla undir skilgreiningu þjóðminjalaga um hvað telst til fornleifa. Einnig eru skráðar upplýsingar um leifar sem teljast hafa minjagildi þó þær séu yngri en 100 ára. Upplýsingar um hvern stað eru settar fram á staðlaðan hátt: fyrst kemur kennitala staðarins í gagnagrunni Fornleifastofnunar, staðarheiti þar sem um slíkt er að ræða, tegund fornleifar, hlutverk og hnattstaða í gráðum og mínútum. Þar næst kemur tilvitnun í heimild ef einhver er, lýsing á staðsetningu, aðstæðum og að lokum aðrar upplýsingar, hættumat og heimildaskrá. Í niðurstöðukafla verður fjallað nánar um þá staði sem líklegt er að fyrirhugaðar framkvæmdir muni hafa áhrif á en hér er gefið yfirlit um menningarminjar á framkvæmdasvæðinu.

BA-158 Vatneyri

10 hdr. 1703. Bændaeign. Byggð á stekkjartúni í heimalandi Geirseyrar. Verslunarstaður. Tilheyrir Patreksfjarðarhreppi síðan 1907. 21.7.1681 skipta Sturla, Ívar og Bjarni Þórólfsynir með sér föðurarfi sínum með samþykki móður sinnar Helgu Jónsdóttur og fær Sturla í hlut sinn 5 hdr. í V. og 10 aura í heimajörðinni Geirseyri en Ívar eignast 5 hdr. og 10 aura í Geirseyri og Bjarni eignast 5 hdr. í V. og 10 aura í heimajörðinni Geirseyri. En þar eð 5 hdr í V. eru tilgjöf móður þeirra, þá skyldi hún halda þeirri tilgjöf um sína lífstíð - Jarðabréf, 133. 25.5.1703 á Bjarni Þórólfsson 5 hdr í V., byggist með 2 vætta landsk og 2 kúgildum - JÁM XIII, 211. 1840: "Vatneyri er kaupún með þremur timburhúsum." SSV, 214. "Seint á 18. öld mun fyrst hafa verið byrjað að verzla á Vatneyri, og um langan aldur hafa Frakkar og aðrir útlendir fiskimenn leitað þar hafnar í ofviðrum, því innsigling er stutt og örugg höfn." Bstbók, 107. Til er uppdráttur af verslunarlóðinni frá 1776. 1942: "Á tímabilinu 1896-1907 jókst þilskipaútvegurinn mjög og munu þá hafa verið gerð út 12-16 þilskip, stærri og smærri, frá Eyrum, þegar mest var." Bstbók, 108.

1920: 3,5 ha. garðar 364 m², hús 136 m², 1/1 sléttað. 1840: "... á þessum [bæ] er bezti útigangur og [fjörujörð] og ekki [undirorpin] neinum áföllum." SSV, 211. 1942: "Tún eru allgóð bæði á Geirseyri og Vatneyri. Vatneyrartún er þó mjög jarðvegsgrunnt." Bstbók, 107. 1942: "Vatneyri er stór, slétt malareyri, sem gengur fram í fjörðinn fyrir utan Geirseyri. Myndast þar allbreið vík, er þar hin bezta höfn í allri hafátt. Á Vatneyri er frá náttúrunnar hendi hið ákjósanlegasta saltfiskverzlunarpláss á Vestfjörðum og þótt víðar sé leitað." Bstbók, 106.

BA-158:001 *Vatneyri* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1920.

BA-158:002 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1920.

BA-158:003 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1920.

BA-158:004 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1920.

BA-158:005 *Hlíðardalur* heimild um lendingu

1942: "[úr Hlíðardal] var um fáein ár stundaðir róðrar vor og sumar. Róðrum var hætt þar, þegar vélbátarnir komu, ..." segir í örnefnalýsingu. "Í Hlíðardal var eitt sinn útræði ..."

Heimildir: Bstbók, 107; Ö-Geirseyri og Vatneyri, 5.

BA-158:006 tóft verbúð

1942: "[úr Hlíðardal] var um fáein ár stundaðir róðrar vor og sumar. Róðrum var hætt þar, þegar vélbátarnir komu, en búðarústir nokkurar eru þar" 1959: "Þar var verstöð um skeið í byrjun þessarar aldar, og standa þar enn verbúðaveggir."

Heimildir: Bstbók, 107; ÁFÍ 1959, 132.

BA-158:007 heimild um beitarhús

"Í Hlíðardal var eitt einn útræði, og þar voru beitarhús frá Geirseyri."

Heimildir: Ö-Geirseyri og Vatneyri, 5.

BA-158:008 heimild um fjós

"Mætir okkur þá fyrst uppi á túninu hlaða og fjós, mjög lággúrleg ..."

Heimildir: Markús Ö Thoroddsen: "Eyrar, Patreksfirði 1863" ÁBS 1952-1967, 8.

BA-158:009 heimild um verslunarbúð

"Mætir okkur þá fyrst uppi á túninu hlaða og fjós, mjög lággúrleg og hillir þá undir timburhúsin framar á eyrinni, voru þau 3. Tvö af þeim sneru í norðvestur og suðaustur og sund á milli, voru það verzlunarbúð og pakkhús. ... Hús þessi voru öll bjálkabyggð og munu bjálkarnir hafa verið 6-7 tommur á hvern kant. Timburþök voru á húsum þessum og náðu þau langt út fyrir upsir."

Heimildir: Markús Ö Thoroddsen: "Eyrar, Patreksfirði 1863" ÁBS 1952-1967, 8.

BA-158:010 heimild um pakkhús

"Mætir okkur þá fyrst uppi á túninu hlaða og fjós, mjög lággúrleg og hillir þá undir timburhúsin framar á eyrinni, voru þau 3. Tvö af þeim sneru í norðvestur og suðaustur og sund á milli, voru það verzlunarbúð og pakkhús. ... Hús þessi voru öll bjálkabyggð og munu bjálkarnir hafa verið 6-7 tommur á hvern kant. Timburþök voru á húsum þessum og náðu þau langt út fyrir upsir."

Heimildir: Markús Ö Thoroddsen: "Eyrar, Patreksfirði 1863" ÁBS 1952-1967, 8.

BA-158:011 heimild um bústað

"Mætir okkur þá fyrst uppi á túninu hlaða og fjós, mjög lággúrleg og hillir þá undir timburhúsin framar á eyrinni, voru þau 3. Tvö af þeim sneru í norðvestur og suðaustur og sund á milli, voru það verzlunarbúð og pakkhús. Hérumbil 10 föðmum neðar á oddanum stóð íbúðarhús stórt um sig og mikið í þaki. Hús þessi voru öll bjálkabyggð og munu bjálkarnir hafa verið 6-7 tommur á hvern kant. Timburþök

voru á húsum þessum og náðu þau langt út fyrir upsir."

Heimildir: Markús Ö Thoroddsen: "Eyrar, Patreksfirði 1863" ÁBS 1952-1967, 8.

BA-158:012 heimild um hjall

"Ennfremur var þar á mölinni fiskihjallur stór með helluárefti og torfþaki, að sjá gamall, baðstofuhús fyrir vinnufólk að sofa í undir súð og torfþaki, bæði gaflhlöð voru byggð úr torfi og grjóti."

Heimildir: Markús Ö Thoroddsen: "Eyrar, Patreksfirði 1863" ÁBS 1952-1967, 8.

BA-158:013 heimild um lýsisbúð

"Torfhús með þili, stórt, sem kallað var lýsisbúð og til hliðar við það eldhús með hálfgafl í öðrum enda."

Heimildir: Markús Ö Thoroddsen: "Eyrar, Patreksfirði 1863" ÁBS 1952-1967, 8.

BA-158:014 heimild um eldhús

"Torfhús með þili, stórt, sem kallað var lýsisbúð og til hliðar við það eldhús með hálfgafl í öðrum enda."

Heimildir: Markús Ö Thoroddsen: "Eyrar, Patreksfirði 1863" ÁBS 1952-1967, 8.

BA-158:015 heimild um lýsisbræðsluhús

"Fyrir ofan hjallinn [011] ... voru tveir kofar með standþili fyrir öðrum enda, í öðrum voru 2 bræðslupottar til lýsisbræðslu, en hinn var smiðja."

Heimildir: Markús Ö Thoroddsen: "Eyrar, Patreksfirði 1863" ÁBS 1952-1967, 8.

BA-158:016 heimild um smiðju

"Fyrir ofan hjallinn [011] ... voru tveir kofar með standþili fyrir öðrum enda, í öðrum voru 2 bræðslupottar til lýsisbræðslu, en hinn var smiðja."

Heimildir: Markús Ö Thoroddsen: "Eyrar, Patreksfirði 1863" ÁBS 1952-1967, 8.

BA-158:017 heimild um bústað

1942: "Um 1885 var Sigurður Bachmann eigandi og ábúandi Vatneyrar og rak þar verzlun. Þar var þá eitt fornt timburhús [sennilega 008, 009 eða 010], bæði notað til íbúðar og verzlunar. Annað timburhús var þá í smíðum ... Á síðasta áratug aldarinnar brunnu hús Bachmanns á Vatneyri."

Heimildir: Bstbók, 108.

BA-158:018 heimild um bústað

1942: "Um 1885 var Sigurður Bachmann eigandi og ábúandi Vatneyrar og rak þar verzlun. Þar var þá eitt fornt timburhús [sennilega 008, 009 eða 010], bæði notað til íbúðar og verzlunar. Annað timburhús var þá í smíðum. Auk þess voru þar fjórir eða fimm torfbærir, sem húsmenn bjuggu í."

Heimildir: Bstbók, 108.

BA-158:019 Ólafshús hús bústaður 65°35.804N 24°00.003V

1942: "Á síðasta áratug aldarinnar brunnu hús Bachmanns á Vatneyri. Reisti hann þá nýtt íbúðarhús og sölubúð. Nokkuru síðar, eða 1896, seldi hann Pétri J. Thorsteinson í Bíldudal jörðina og verzlunarhúsin." Hér mun átt við hús sem reist var 1893 og gengur nú undir nafninu Ólafshús, en það nafn er ekki upphaflegt. Húsið stendur enn og er notað til íbúðar. 20 m sunnan við það er annað hús sem einnig sést á uppdrætti frá 1896, lengstaf símstöð Patreksfirðinga.

Húsin standa á sléttri eyri og er malbikuð gata framan við þar sem áður hefur verið sjávarmöl en aftan við er grasigróið og virðist jarðvegur mjög grunnur.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Bstbók, 108; Uppdr. 1896

BA-158:020 *Fjósadalur* örnefnifjós 65°36.237N 24°00.766V
"Brellurnar ná út að gili, sem er utan við byggð þorpsins, og heitir sá dalur Fjósadalur." segir í örnefnalýsingu. Ennfremur segir þar: "Úr Fjósadalnum fyrrnefnda kemur lækur, sem heitir Fjósadalsá. Utan við hana er frálaus klettur, sem heitir Yxnhamar. Þá er hallandi mýrlendi nefnt Vatneyrarengjar, sem nær út að næsta dal ...". "Yxnhamar er í fjörunni" segir í viðbótum við örnefnalýsinguna. Fjósadalur er djúp skál inn í fjallið fast utan við Vatneyri. Skálin liggur hátt og er undirlendi í henni ekkert og gróður hverfandi og því mjög ólíklegt að fjós hafi staðið uppi í henni.

Innan við Fjósadalsá eru háir stórgryttir skriðtaumar næst ánni og er þar lítið graslendi nema á bakka við árosana, en undir honum standa nú hesthús. Innan við skriðurnar eru grasflatir og sést þar hvergi til mannvirkjaleifa. Utan við Fjósadalsá er þýft mýrlendi, Vatneyrarengjar, sem teygir sig góðan spöl út með ströndinni. Vel er hugsanlegt að geldneytafjós (sbr. örnefnið Yxnhamar) hafi staðið innst á þessum engjum og dalurinn ofan við dregið nafn sitt af því.

Engar tóftir sjást neðan við Fjósadal. Þær gætu helst hafa verið þar sem nú eru hesthús á vesturbakka Fjósadalsár (vestustu hús á Patreksfirði) eða á hól ofan við þau. Hann er kargaþýfður en ekkert tóftalag sést þar þó.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Geirseyri og Vatneyri, 4, 5; Ö-Geirseyri og Vatneyri viðbætur, 3

BA-158:021 *Frönskuleiði* örnefnilegstaður 65°36.193N 24°00.577V
"Vatnskrókur er utan við Vatneyri, innan við Fjósadalsá." segir í örnefnalýsingu en í viðbótum við hana segir: "Frönskuleiði eru í Vatnskróknum." Byggðin á Patreksfirði nær nú út að Vatnskrók og hefur öllu verið umturnað þar frá fjöruborði og um 80 m upp í hlíðina. Hvergi sést móta fyrr þessum leiðum og hafa þau sennilega horfið við framkvæmdir og ekki kannast heimamenn við þau.

Ofan við fjörumál er malarvegur að hesthúsum við Fjósadalsá en þar ofan við er grasgeiri utanvert í Króknum. Ef leiðin eru ekki þegar horfin væri þau helst að finna þar. Þar ofan við eru hjallar og utan og ofanvert við þá brotajárnsgrýfja, en austan við hjallan er geymslsvæði sundurskorið af vegar slóðum og þar austan við tekur íbúðabyggðin við.

Heimildir: Ö-Geirseyri og Vatneyri, 5; Ö-Geirseyri og Vatneyri viðb. og ath, 4.

BA-158:022 gata leið 65°36.193N 24°00.577V
Uppi í hlíðinni ofan við þorpið vestanvert er rudd gata, algróin og sumstaðar allt að 1,5 m breið en annarsstaðar aðeins kindastígur. Hann sést vel ofan við áætlaðan sorpurðunarstað (áður gryfja með brotajárni) ofanhallt við ystu húsin á Patreksfirði. Ofan við gryfjuna hefur skriðtaumur runnið yfir götuna og er skriðan vel gróin sem bendir til að stígurinn sé gamall. Austar, á grundunum ofan við þorpið sjálft hefur bíslóði myndast á hinni fornu götu en hann beygir út af henni niður brekkuna skammt austan við gryfjuna. Vestan við gryfjuna sést gatan illa og vestan við Fjósadalsá alls ekki en þar er votlendi.

Þessi gata er sennilega gömul leið frá Geirseyri til beitarhúsa og verstöðvar í Hlíðardal

BA-158:023 pakkhús


65°35.783N 24.00.084V

Á uppdrætti af Vatneyri frá 1896 er sýnt hús syðst á eyrinni um 80 m suður af Ólafshúsi 019. Það var þá langsyðsta húsið á eyrinni. Það stendur enn og hefur verið stækkað mikið. Það er nú stór pakkhúsbygging með lítilli turnbyggingu við norðvesturhorn. Hvorttveggja er nú að hruni komið, ytrabyrði víða horfið þannig að veður og vindar leika um alla bygginguna. Viðir eru víða grautfúnir en grindin er heil að mati Húsafriðunarnefndar. Í viðbyggingunni við norðvesturhorn, sem er sýnu hærri en pakkhúsið, einskonar turn, eru leifar af klæðningu að innan en neðri hluti suðurveggjar er alveg horfinn.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Uppdráttur 1896

VÍÐAUKI 2
KORT AF MENNINGARMINJUM Á VAJNEYRI



Brotajárnsgryfja
væntanlegur
urðunarstaður

Brennsluþró

Núverandi Urðunarstaður

Endurvinnslustöð

Lóð fyrir endurvinnslustöð (til vara)

Fjósadalur 020

Fronskuldalur

Ólafshús 019

Ólafshús 024

Leonið í Sævi Vajneyri

FORA
VAJNEYRI